

Fundargerð 21. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu 11. janúar 2016 kl. 14.00

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Skipting sóknaráætlunar fjármuna milli landshluta árið 2016.
3. Minnisblað um umboð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.
4. Fundur með þingmönnum um nýja byggðaaáætlun.
5. Önnur mál.
 - a. Hæfisreglur stjórnsýslulaga
 - b. Norðvesturnefndin
 - c. Næsti fundur

Mættir: Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Björn Helgi Barkarson (UAR), Elvar Knútur Valsson (ANR, EKV yfirgaf fundinn kl. 14.55), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Karl Björnsson (sambandinu), Stefanía Traustadóttir (IRR) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá var Björg Björnsdóttir (landshlutasamtökunum) með á símafundi frá Egilsstöðum. Björg kom á fundinn eftir dagskrárlið 2, kl. 14.35.

Fjarverandi: Inga Birna Einarsdóttir (VEL), Sigurður Guðmundsson (FJR), Unnur Orradóttir Ramette (UTN), Þór G. Þórarinnsson (VEL) og Þórarinn V. Sólmundarson (MMR).

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar stýrihópsins hafði verið send fundarmönnum fyrir fundinn og var hún samþykkt án athugasemda.

2. Skipting sóknaráætlunar fjármuna milli landshluta árið 2016

Á síðasta fundi stýrihópsins kom fram að framlög ríkisins til sóknaráætlana árið 2016 hækka um samtals 80 milljónir frá því sem var árið 2015, verða þannig 630,7 milljónir. Formaður greindi frá því að hún og verkefnisstjóri ásamt fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðuneytis og sambandsins hafi átt fund þann 6. janúar og farið yfir skiptaregluna og viðmið hennar. Niðurstaðan af þeim fundi var að leggja til að skiptareglan frá árinu 2015 gildi fyrir árið 2016. Vísað var í fundargerð frá 10. fundi stýrihópsins þann 20. janúar 2015 þar sem lagt var til að skiptareglan gildi út samningstímabilið, en verði endurskoðuð á miðjum samningstímanum með tilliti til þess hvort gefnar forsendur hafi tekið umtalsverðum breytingum.

Formaður dreifði töflu með upplýsingum um skiptingu framlags ríkisins til sóknaráætlana árið 2015 milli landshluta og tillögu um skiptingu framlags ríkisins árið 2016.

Tillagan var samþykkt og ákveðið var að verja 4 milljónum af framlaginu í úttektir og samráð sem nýfast munu sóknaráætlunum í heild. Þannig munu því samtals 626,7 milljónir skiptast á millilandshlutanna

átta, samkvæmt sömu skiptareglu og sömu viðmiðum og notuð voru árið 2015 og samþykkt af ríkisstjórninni 27. janúar 2015.

Framlög ríkisins til sóknaráætlana landshluta árið 2016 skiptist með eftirfarandi hætti:

Heiti	Framlög 2015	Framlög 2016	Hækkun milli ára (kr.)	Hækkun milli ára (%)
Úttektir og samráð	-	4.000.000	4.000.000	
Vesturland	61.924.996	70.471.028	8.546.032	13,80%
Vestfirðir	81.590.726	92.850.750	11.260.024	13,80%
Norðurland vestra	61.918.903	70.464.093	8.545.191	13,80%
Norðurland eystra	95.377.918	108.540.659	13.162.741	13,80%
Austurland	71.567.737	81.444.527	9.876.790	13,80%
Suðurland	90.586.255	103.087.717	12.501.462	13,80%
Suðurnes	68.383.484	77.820.827	9.437.343	13,80%
Höfuðborgarsvæði	19.349.982	22.020.399	2.670.417	13,80%
Samtals	550.700.000	630.700.000	80.000.000	

3. Minnisblað um umboð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Á síðasta fundi stýrihópsins var vinnuhópi falið að vinna áfram drög að minnisblaði um umboð stýrihópsins. Formaður greindi frá fundi vinnuhóps þann 6. janúar sl. þar sem farið var yfir innihald minnisblaðið, en ekki hefur gefist tími til að ljúka við drögin. Dreift var yfirliti yfir hlutverk og verkefni stýrihópsins, eins og þau eru tíunduð í lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlunir, í samningum við landshlutasamtök sveitarfélaga um sóknaráætlunir og í erindisbréfi stýrihópsins.

Málinu frestað til næsta fundar.

4. Fundur með þingmönnum vegna nýrrar byggðaáætlunar

Eins og fram hefur komið á fundum stýrihópsins bjóða ráðherra byggðamála og Byggðastofnun öllum þingmönnum til fundar við upphaf vinnu við mótun nýrrar byggðastefnu. Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 19. janúar 2016 kl. 10.00-12.00 í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Formaður greindi frá dagskrá fundarins, en megintilgangur hans er að fá fram afstöðu og sýn þingmanna á form og innihald nýrrar byggðaáætlunar. Auk þingmanna eru stjórn Byggðastofnunar og stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál boðuð á fundinn.

5. Önnur mál

a) Hæfisreglur stjórnsýslulaga

Fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins minnti á hæfisreglur stjórnsýslulaga og vísaði í leiðbeiningar sem ráðuneytið tók saman um úthlutun styrkja úr opinberum sjóðum, en leiðbeiningarnar byggja á álitum umboðsmanns Alþingis. Verkefnisstjóra falið að senda leiðbeiningarnar til landshluta-samtaka sveitarfélaga með hvatningu um að kynna þær fyrir úthlutunarnefndum uppbyggingarsjóða. Jafnframt verður athygli þeirra vakin á 20. gr. sveitarstjórnalaga um hæfi til þátttöku og afgreiðslu einstakra mála.

b) Norðvesturnefndin

Fulltrúi landshlutasamtakanna greindi frá því að landshlutasamtök sveitarfélaga eru hugsi varðandi skipan og vinnulag norðvesturnefndarinnar svokölluðu.

c) Næsti fundur stýrihóps

Næsti fundur stýrihópsins ákveðinn 16. febrúar 2016 kl. 11.00-13.00 hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í Borgartúni. Auk almennra fundastarfa mun stýrihópurinn fá kynningu á starfsemi sambandsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.15.